

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 29. desember 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-60/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 22. ágúst 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar við viðgerð á bifreiðinni.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 30. ágúst 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust þann 12. september 2017. Andsvörin voru send til álitsbeiðanda til upplýsinga 20. september 2017 og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar þann 27. september 2017. Seljanda voru sendar athugasemdir álitsbeiðanda þann 25. október 2017 og honum bent á heimild til að hafa uppi frekari andsvör innan tveggja vikna. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust frekari andsvör seljanda þann 25. október 2017. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 13. maí 2016 af seljanda en kaupverðið var 360.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Skoda Octavia Elegance Combi Turbo, árgerð 2001 og hafði verið ekin 236.000 km. á kaupdegi.

Að sögn álitsbeiðanda kviknaði rautt smurljós í mælaborði bifreiðarinnar þegar hann reynsluók bifreiðinni fyrir kaupin og einnig aðvörum um olúþrýsting sem síðan slökknaði. Kveðst álitsbeiðandi hafa fengið þær upplýsingar frá kunningja sínum að um bilun í skynjara gæti verið að ræða. Í kjölfarið bað álitsbeiðandi um að verð bifreiðarinnar yrði lækkað og lækkaði seljandi kaupverðið um 10.000 krónur. Álitsbeiðandi segir að hann hafi ekki haft tök á að fara með bifreiðina í ástandsskoðun þar sem liðið var á daginn á föstudegi og hvítasunnuhelgi framundan. Gerður var fyrirvari í kaupsamningnum þar sem segir: „Með fyrirvara um söluskoðun hjá frumherja að ekki sé um neinar stórvægilegar athugasemdir.“

Eftir afhendingu kveðst álitsbeiðandi hafa farið með bifreiðina beint á næstu bensínstöð til að láta athuga olú og vatn og svo ekið austur að Geysi í Haukadal. Er þangað var næstum komið segir álitsbeiðandi að bifreiðin hafi verið komin í hægagang og „torkennileg hljóð“ heyrst frá vélinni svo bifreiðinni var lagt strax. Að morgni næsta dags kveðst álitsbeiðandi hafa athugað með olú á vélinni og reyndist engin olía á bifreiðinni auk þess sem bifreiðin var rafmagnslaus án sýnilegrar ástæðu. Bifreiðin fór svo í gang, eftir að smurolía var sett á hana, „með miklum bláum reykjarkófi og óhljóð í vél, þannig að drepið var strax á vélinni aftur og hann ekki hreyfður frekar.“ Álitsbeiðandi reyndi ítrekað að hafa samband við bifreiðarsöluna sem hafði milligöngu um kaupin án árangurs þennan laugardag 14. maí.

Á þriðjudeginum 17. maí fór álitsskiptandi á bifreiðasöluna sem í kjölfarið hafði samband við seljanda sem kom á staðinn. Álitsskiptandi kveðst hafa óskað eftir því að kaupnum yrði rift en segir seljanda hafa neitað þar sem hann vildi skoða bifreiðina fyrst og finna hvað væri að, en seljandi sagðist hugsanlega geta gert við hana því hann væri bifvélavirki. Álitsskiptandi leigði kerru til að láta flytja bifreiðina á verkstaðið þar sem seljandi starfaði. Eftir skoðun seljanda sagðist hann geta gert við bifreiðina ef álitsskiptandi myndi greiða fyrir varahluti en álitsskiptandi neitaði því og vildi fá að skila bifreiðinni eða fá bifreiðina í lag sér að kostnaðarlausu. Að sögn álitsskiptanda sagðist seljandi þá ekki ætla að gera við bifreiðina og sagði álitsskiptanda að sækja hana, sem álitsskiptandi gerði þar sem hann fékk ekki að rifta kaupunum.

Bifreiðin stóð óhreyfð á lóð álitsskiptanda þar til hún var færð á bifreiðaverkstæði þann 24. júlí 2016 þar sem í ljós kom að forþjappan í vélinni var ónýtt og einnig rafgeymirinn. Ráðist var í viðgerð á bifreiðinni og álitsskiptandi fékk hana afhenta þann 13. september 2016 og hefur hún verið í notkun síðan. Fyrir kæruneftndinni krefst álitsskiptandi endurgreiðslu á viðgerðarkostnaði að fjárhæð 410.911 krónur.

#### IV

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að olíuljós hafi logað í bifreiðinni við reynsluakstur álitsskiptanda sem krafðist þess í kjölfarið að söluverðið yrði lækkað og seljandi samþykkti það. Kveðst seljandi ekki hafa orðið var við olíuljósið áður og álitsskiptandi hafi ekki spurt hann um ljósið. Þá hafi álitsskiptandi ekið bifreiðinni að Geysi í Haukadall þrátt fyrir að vita að „eitthvað væri ekki eins og það átti að vera“ með þeim upplýsingum frá kunningja sínum að um skynjara geti verið að ræða. Með þessu virðist álitsskiptandi að sögn seljanda hafa valdið tjóni á bifreiðinni. Kröfu álitsskiptanda er því hafnað.

#### V

##### **Athugasemdir álitsskiptanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsskiptanda við andsvör seljanda tekur álitsskiptandi fram að smurljós bifreiðarinnar hafi blikkað stöku sinnum þar til komið var nálægt Geysi og þá hafi ljósið farið að loga stöðugt. Þá segir álitsskiptandi að álit um hugsanlega bilun í skynjara hafi aðeins verið tilgáta og seljandi hafi, sem lærðum bifvélavirkja, borið að skoða málið nánar áður en hann seldi bifreiðina frá sér. Þá hafi seljandi líka átt að greina frá því að rafgeymir bifreiðarinnar hafi verið ónýttur.

#### VI

##### **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum sínum tekur seljandi fram að allar helstu athugasemdir hafi áður komið fram í málinu en bendir á að álitsskiptandi hafi komið við á bensínstöð á leið úr bænum og þá drepist á bifreiðinni. Rafgeymir bifreiðarinnar hafi þá verið í lagi enda fór bifreiðin aftur í gang og henni var ekið að Geysi.

#### VII

##### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsskiptanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 13. maí 2016 af seljanda fyrir 360.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2001 og var því um 15 ára og hafði verið ekin 236.000 km. á kaupdegi. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 13. maí 2016, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álítur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megji ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin; c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekki hafi verið sýnt fram á það í málinu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. Ekki liggur fyrir að seljanda hafi verið kunnugt um annmarka bifreiðarinnar og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Þá telur nefndin ekki unnt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. enda liggur ekki fyrir í málinu hverjar þær upplýsingar gætu verið. Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Umþrætt bifreið var 15 ára gömul á söludegi og ekin 236.000 km. þegar kaupin fóru fram. Þegar um eldri bifreiðar er að ræða getur kaupandi ekki gert ráð fyrir að þær séu í fullkomnu standi enda er iðulega kominn tími á viðgerðir eða viðhald sem nauðsynlegt og eðlilegt er eftir margra ára notkun og mikinn akstur. Álitsbeiðandi fór ekki með bifreiðina í söluskoðun þrátt fyrir að rík ástæða hafi verið til þess vegna þeirra ljósa sem loguðu í mælaborði bifreiðarinnar. Mátti álitsbeiðandi við þessar aðstæður búast við því að bifreiðin myndi þarfnast ákveðinna viðgerða. Álítur kærunefndin að ekki hafi verið sýnt fram á annað í málinu en að um bilun sé að ræða sem stafi af aldri bifreiðarinnar sem álitsbeiðandi mátti gera ráð fyrir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fyrir lágu við kaupin.

Kærunefndin getur samkvæmt framangreindu ekki fallist á það með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin samkvæmt a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Fyrirvari í kaupsamningi um síðari ástandsskoðun, sem ekki liggur fyrir hvort hafi farið fram, hefur ekki áhrif á þá niðurstöðu. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda um greiðslu skaðabóta vegna viðgerðarkostnaðar.

**VIII**  
**Álitsorð**

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson